

**Sléttuhlíð, frístundabyggð, óveruleg deiliskipulagsbreyting, grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga vegna heimildar til að leyfa gististaði í flokki II í Sléttuhlíð.**

**Á fundi skipulags- og byggingarráðs dags. 24. mars 2020 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:**

Á fundi skipulags- og byggingarráðs dags. 19.11.2019 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var: Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að kanna afstöðu sumarhúsaeygenda í Sléttuhlíð til þess að heimilað verði að veita gistiaðstöðu í flokki II á svæðinu.

Erindið hefur verið kynnt fyrir eigendum og athugasemdir hafa borist.

*Skipulags- og byggingarráð samþykkir að grenndarkynna óverulega deiliskipulagsbreytingu í Sléttuhlíð.*

Í breytingartillögunni verður bætt við greinargerðina að heimilt verði að veita gistiaðstöðu í flokki II í frístundabyggðinni í Sléttuhlíð.

Athugasemdarfrestur er 4 vikur frá dagsetningu þessa bréfs og þeir sem fá grenndarkynninguna eru allir skráðir eigendur sumarhúsa innan ramma deiliskipulagsins í Sléttuhlíð.

Hægt er skila inn athugasemdum á skipulag@hafnarfjordur.is eða senda inn skriflegar athugasemdir í þjónustuver Hafnarfjarðar. Þeir sem hafa þegar gert athugasemdir á fyrri stigum þurfa ekki að skila inn aftur.

Í bréfi dags. 13. ágúst 2020 frá Skipulagsstofnun kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að það þurfi að vera til staðar skipulagsákvæði í aðalskipulaginu um tegund gististaða sem heilmilt er að reka í atvinnuskyni í frístundabyggð ásamt umfjöllun um það hvers vegna það sé talið ákjósanlegt.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er núna í ferli í samræmi við ábendingar skipulagsstofnunnar og þarf því grenndarkynna erindið aftur.

Frekari upplýsinga er hægt að nálgast hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs

Berglind Guðmundsdóttir



**HAFNARFJÖRÐUR**